



REGLUR **um strætókort til nemenda í grunnskólum Reykjavíkurborgar**

Gildissvið

Reglur þessar gilda um umsókn og afhendingu strætókorta/farmiða til nemenda í grunnskólum Reykjavíkurborgar með lögheimili í Reykjavík og reglubundinn skólaakstur með skólabifreið þegar hann á við. Samkvæmt lögum um grunnskóla nr. 91/2008 er sveitarfélögum skylt að sjá til þess að skólaskyld börn sem eiga lögheimili í sveitarfélaginu, og börn sem hefur verið ráðstafað í föstur til fösturforeldra, sem eiga lögheimili í sveitarfélaginu, njóti skólavistar eftir því sem nánar segir í grunnskólalögum. Samkvæmt 22. gr. grunnskólalaga bera sveitarfélög ábyrgð á skipulagi skólaaksturs þar sem hann á við og standa straum af kostnaðinum.

Í reglum um skólahverfi, umsókn og innritun í grunnskóla Reykjavíkurborgar er kveðið á um skólahverfin. Þar kemur meðal annars fram að nemendur með lögheimili í tilteknu skólahverfi eiga afdráttarlausan rétt á skólavist í hverfisskóla.

[Reglurnar má sjá hér](#)

Foreldri er hér notað yfir þá sem fara með forsjá barns skv. barnalögum.

1. gr. Skilyrði fyrir afhendingu strætókorta/farmiða

1.1 Nemendur sem sækja skóla í sínu skólahverfi, til samræmis við reglur um skólahverfi, umsókn og innritun í grunnskóla Reykjavíkurborgar eiga þess kost að fá ókeypis strætókort sé vegalengdin frá lögheimili að skóla meiri en 1,5 km. í 1. til 4. bekk og 2 km fyrir nemendur í 5. – 10. bekk að því gefnu að krafist sé gjalds samkvæmt gjaldskrár Strætó. Miðað er við örugga gönguleið frá lögheimili að skólalóð samkvæmt skilgreiningu Borgarvefsjár.

Þeir nemendur sem þurfa tímabundið eða 1 – 2 daga í viku að nota almenningssamgöngur til að komast til og frá skóla fá ókeypis farmiða sé vegalengdin frá lögheimili að skóla meiri en 1,5 km. Miðað er við örugga gönguleið frá lögheimili að skólalóð samkvæmt skilgreiningu Borgarvefsjár.

1.2 Nemendur sem að tilstuðlan skrifstofu skóla- og frístundasviðs sækja skóla utan skólahverfis eiga þess einnig kost að fá ókeypis strætókort/farmiða og skulu viðmiðunarmörk um vegalengd vera hin sömu og í gr. 1.1

1.3 Nemendur sem samkvæmt ákvörðun foreldra sækja skóla utan síns skólahverfis eiga ekki rétt á ókeypis strætókorti/farmiðum. Þó er heimilt að afhenda þeim nemendum með lögheimili í Reykjavík, sem flust hafa milli skólahverfa, en óska eftir að sækja sinn fyrri skóla út yfirstandandi skólaár, ókeypis farmiða að hálfu.

2. gr. Umsókn um strætókort

2.1 Foreldrar sækja árlega, sem meginreglu við upphaf skólaársins, um strætókort/farmiða til viðkomandi skóla á þar til gerðu eyðublaði. Skólinn sendir skrifstofu skóla- og frístundasviðs til samþykktar lista yfir þá nemendur sem óskað er eftir strætókorti/farmiðum fyrir.



2.2 Ef umsókn er synjað af skóla eða skrifstofu skóla- og frístundasviðs vegna þess að gönguleið telst of stutt getur foreldri óskað eftir mælingu hjá Landupplýsingadeild á umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkur, sjá nánar um meðferð umsókna sem er synjað í 5. gr.

3. gr. Afhending strætókorta/farmiða

Skólastjóri hvers skóla ber ábyrgð á afhendingu strætókorta/farmiða. Endurnýjun á glötuðu korti er á kostnað viðkomandi nemenda/foreldra.

4. gr. Reglubundinn skólaakstur

4.1 Heimilt er að koma á reglubundnum skólaakstri með skólabifreið ef ekki er mögulegt að nota almenningssamgöngur til samræmis við gr. 1.1, þar sem gönguleiðir eru ekki til staðar eða þar sem öryggi vefarenda er verulega ábótavant og ekki unnt að bregðast við með öðrum hætti, að mati skrifstofu skóla- og frístundasviðs og skrifstofu samgöngustjóra Reykjavíkurborgar. Skólastjórar skulu senda tillögur sínar um reglubundinn skólaakstur til skrifstofu skóla- og frístundasviðs fyrir 1. maí vegna komandi skólaárs.

4.2 Ákvörðun um akstur með skólabifreið eða að honum verði hætt er tekin af skóla- og frístundaráði sem meginreglu fyrir 1. júlí vegna komandi skólaárs. Skólastjóri ber ábyrgð á framkvæmd reglubundins skólaaksturs samkvæmt samþykktu skipulagi. Ef veitt er samþykki fyrir reglubundnum skólaakstri er það ótímabundið og gildir nema forsendur breytist.

5. gr. Meðferð umsókna

Við meðferð umsókna skal farið að ákvæðum laga um grunnskóla nr. 91/2008, með síðari breytingum og stjórnarsýslulögum nr. 37/1993, með síðari breytingum.

Hafni skrifstofa skóla- og frístundasviðs umsókn um strætókort/farmiða eða skólaakstri með skólabifreið skal það tilkynnt foreldrum skriflega þar sem fram komi ástæða synjunar. Foreldrar skulu vera upplýstir um kærurétt skv. 47. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008. Afrit niðurstöðu er sent viðkomandi skóla.

Með reglum þessum falla úr gildi reglur um afhendingu farmiða til nemenda í grunnskólum borgarinnar, samþykktar í Menntaráði 3. nóvember 2005.

Reglurnar taka gildi 1. nóvember 2021.

Samþykkt í skóla- og frístundaráði þann 28. september 2021 og í borgarráði þann 14. október 2021.